

# Víkurskóli

Námsvísir I.bekkur  
2024-2025

## Samfélags- og náttúrufræði

Kennari: Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir

### Almennt um kennsluna:

Samfélags- og náttúrufræði verður kennd í þemum yfir skólaárið. Samkvæmt stundaskrá eru 7 kennslustundir á viku ætlaðar námsgreinunum. Hvert þema hefur mismunandi tímalengd eftir umfangi og fléttast markmið úr báðum greinum saman auk þess sem ritun og lestur speglast í verkefnum.

Í aðalnámskrá segir:

Samfélagsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallarþáttum og gæðum mannlegs lífs, með því að útskýra margvíslegar skyldur, réttindi og gildi sem að eru órjúfanlegir þættir af félagslegum og siðferðislegum veruleika okkar; s.s. réttlæti, þekking, frelsi, vinátta, virðing og ábyrgð.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Fjölbreyttir kennsluhættir eru mikilvægir í náttúrugreinum þar sem kennarinn hagnýtir búnað og aðstæður á hverjum stað. Val á viðfangsefnum gerir nemendum kleift að sinna því sem þeir hafa áhuga á eða eru forvitnir um að ígrunda eigin reynslu.

Þemu í samfélags- og náttúrufræði skólaárið 2024-2025

- Umhverfi og árstíðir – tréð okkar
- Líkaminn
- Vinátta
- Ævintýri
- Jól
- Páskar
- Umferðarfræðsla
- Húsdýrin
- Fiskar

Samkvæmt Aðalnámskrárunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: heilbrigði og velferð, jafnrétti, lyðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun. Leitast skal eftir að tengja þessa þætti inn í form kennslunnar eins og kostur er.

**Námsgögn:** Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu líkamann, Krakkarnir í kátugötu, umferðarvefurinn, Húsdýrin okkar, Fiskabókin, Ævintýri, fleiri vefir og bækur.

**Kennslutilhögun:** Fjölbreytt lesefni og myndefni, umræður, vettvangsferðir og tilraunir.

# Víkurskóli

Námsvísir 1.bekkur  
2024-2025

## Hæfniviðmið

- Unnið með öðrum og sýnt jákvæni í samskipum
- Unnið vel og farið eftir fyrirmælum
- Sýnt samkennd og lagt áherslu á virðingu við aðra í leik og starfi og sett sig í spor annarra
- Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum einnig dýrum og náttúru
- Upplifað og þekkt nærumhverfi sitt bæði manngert og náttúrulegt
- Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að gæta sín í umferðinni og nota endurskinsmerki
- Lýst breytingum í náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á líf fólks
- Þekki líkama sinn, helstu líffæri og hlutverk þeirra
- Geri sér grein fyrir að við erum ekki öll eins og höfum mismunandi þarfir
- Geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum
- Skilji hví mikilvægt er að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta að hreinlæti
- Fræðist um hátíðir á almannaksárinu

Námsmat: Ferlimappa metin með umsögn í lok annar.